

## Fundur stjórnar ÆSKP 8. apríl 2020 í gegnum Zoom

**Mætt:** Jóhanna Ýr, Sóley Adda, Erna Kristín, Aldís Elva, Hákon Darri, Berglind, Katrín Helga og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

### Fundur hófst kl. 9.33

#### Sumarmót

Norður- og Austurland og ÆSKR voru spennt fyrir sumarmótið. En núna er búið að framlengja samkomubannið til 4. maí. Það er því ekki víst að við náum að keyra mótið í gang, en það yrði að vera ákveðið í samráði við félögin. Foreldrar eru kannski ekki spenntir að senda krakkana sína á mót á þessum tíma.

#### Landsmót

Við erum á hold með Landsmót. Það gæti verið að sveitafélögin vilji ekki taka við svona móti, ef að smit eru ennþá að koma upp út árið, sérstaklega ef að gist er í skólunum. Þetta kemur ekki í ljós fyrr en við sjáum reynslu af því hvernig samkomubanninu verður létt af. Við erum alltaf að sjá betur að allt er í óvissu.

Þetta vekur upp ýmsar vangaveltur: Væri hægt að hafa mótið í Vantaskóg? Á mismunandi stöðum á sama tíma? Þá væri hægt að draga úr því að annar hópur kæmi inn beint á eftir okkur. Svo lengi sem það má hópa saman fólki gerum við okkar besta á hverjum stað.

Við munum þó auðvitað halda okkar striki og skipuleggja mótið. Það væri þá vinna sem væri hægt að nota næsta ár. Við finnum laust t.d. með því að koma efni út. Við þyrftum þá að breyta framkvæmdinni.

Það er engin tilbúin að lofa neinu, t.d. rútufyrirtækin sem vita ekki einu sinni ef að þau verða í business í haust.

Á Norðurlandi er búið að taka frá félagsheimili og búið að tala við skólanna. Þetta er allt í vinnslu þar. Það er mismunandi vetrarfrí í Varmahlíð og Sauðarkróki. Dalla er búin að vera Jónínu innan handar.

Við erum að hugsa um 29. okt – 1. nóv sem mótshelgina. Þetta er síðasta mögulega helgin sem að við getum haldið landsmót. Við viljum halda mótið vetrarfríshelgina á staðnum, þá komust við fyrr inn í skólana.

Purfum að huga að hvað gersit ef að einhverjir verða veikir á mótinu. Þá getur gripið sig ótti. Hvað gerum við til að tryggja öryggi?

### **Rattleikur**

Hjalti Jón kom með hugmynd á Facebook um að vera með rattleik sem að okkur lýst vel á. Jónína er búin að senda fyrirspurn á þau sem sjá um GooseChase til að vita hvaða tilboð þau geta gefið okkur svo við gætum haft rattleik fyrir allt landið yfir páskana. GooseChase er frekar dýrt og bara landsmótsaðgangurinn sem er opinn í rúman klukkutíma kostar 80.000 kr. Stjórnin ákvað að 140.000-150.000 kr. væri hámarkið sem að við myndum setja í þetta.

Það væri gaman að geta veitt sigurvegurum verðlaun eða viðurkenningu, en það er komin löngun hjá mörgum að breyta til í rútínunni heima svo margir myndu örugglega taka þátt bara upp til að breyta til.

Aldís stingur upp á að við ættum að gera Docs skjal fyrir Gooschase þar sem allir geta sett inn verkefni og Jónína sendir skjalið á stjórnarmeðlimi.

Ef við gerum þetta þyrfti að auglýsa það vel, á öllum miðlunum okkar og jafnvel að heyra í Vísi líka.

Hinn möguleikinn væri að búa til einfaldan Mission: Impossible leik og þá gæti fólk gert það á sínum stað. Það þyrfti að passa að stefna fólki ekki á sama stað. Vesturbærinn var með Google maps rattleik.

Verkefni rattleiksins þyrftu að geta höfðað bæði til þerra sem geta farið út og líka til þeirra sem eru heima við, t.d. þeirra sem eru í sóttkví.

Jónína fær vonandi svar seinna í dag frá GooseChase.

### **Önnur mál**

Farið er yfir stöðuna hjá æskulýðsfélögum stjórnarmeðlima. Allar samkomur eru felldar niður en það hefur mikið verið sett á miðla kirkna og æskulýðsfélaga. Þetta er sérstaklega skrýtið þegar vinnan snýst um að ná fólki saman. Það er búið að slá verkfærin úr höndunum okkar.

Jónina nefndi að hún hefur verið að hugsa um Fjölskylduvaktu með Kristi, að fjölskyldan vaki yfir nóttina. Þá væri hægt að nýta það sem við eigum og heimfæra það yfir á þær samfélagslegu aðstæður sem eru núna.

Bella sér sóknartækifæri í að halda betur í 9.bekk næstu annar, þar sem þau fermast í haust en ekki í vor.

Bella og Jónina funduðu með Maríu frá fræðslusviðinu til að ræða hugmynd sem að kom upp um leikjabanda ÆSKP þar sem María er að þróa leikjabanka fyrir efnisveituna. Það eru um 200 leikir á leikjabankanum og vildi ÆSKP gefa fræðslusviðinu aðgang að honum til að efla hann. Kostur leikjabanka ÆSKP yfir efnisveituna er að þar eru fleiri leikir og aðgangur að þeim banka er opinn, ólíkt efnisveitunni. María sagðist hins vegar ekki vilja taka við leikjabankanum okkar þar sem hún væri ekki starfsmaður ÆSKP, heldur láta okkur fá sína leiki þegar hún væri búin að setja þá inn á efnisveituna.

**Fundi slitið kl. 10.40**